

Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 55.

Lög um eyðingu refa og minka, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 56.

Lög um nauðungaruppboð, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 57.

Lög um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 58.

Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1945, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 59.

Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 60.

Lög um breyting á lögum nr. 37 29. apríl 1946, um áhrif kjötverðs á framfærsluvisitölu, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 61.

Lög um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 62.

58

1. apríl

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Suðurfjarðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Suðurfjarðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Til götu- og hafnarlýsingar, um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 55 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði fyrir hvern fermetra gólfplatar herbergja í íbúð.

Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanothkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til vélareksturs í verksmiðjum og frystihúsum, um kwst.mæli á 40 aura hver kwst. Eftir þessum gjaldskrárlið er einnig heimilt að selja raforku til brauðgerðar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr. 2.00 á mán.	58
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 3.00 — —	1. apríl
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 7.00 — —	
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 10.00 — —	

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leiga af mælitækjum skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

1. Grunngjald af hverri loftlínuheimtaug kr. 500.00.
2. Grunngjald af hverri jarðlínuheimtaug kr. 700.00.

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt. Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, er þó heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum í allt að 12 mánuði.

Séu óvenju miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, eða heimtaug óvenju löng og (eða) gild, má krefja húseiganda sérstaks aukagjalds, er rafveitustjórn ákveður, en gera skal húseiganda aðvart áður en lagning heimtaugar er hafin.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Áður greidd heimtaugargjöld skulu dregin frá heimtaugargjöldum samkvæmt þessari gjaldskrá.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greidd, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 10 krónu gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps, nr. 64 22. maí 1919.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. apríl 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.